Tillaga 1 til breytinga á lögum SSR:

Flutningsmaður: Laganefnd SSR
Lögð fram á aðalfundi 26.mars 2015

Grein 1.4

B. Minjanefnd. Þá á SSR aðild að Minjanefnd skáta. Í henni sitja 6 menn, tveir tilnefndir af BÍS, tveir af SSR og tveir af St. Georgsgildunum á Íslandi. Minjanefnd starfar samkvæmt sérstöku erindisbréfi og skiptir sjálf með sér verkum. Stjórn SSR tilnefnir fyrir 1. maí fulltrúa til tveggja ára, einn hvert ár. Heimilt er að endurskipa menn.

Hér með er lagt til að greinin hljóði svo:

B. Minjanefnd. Þá á SSR aðild að Minjanefnd skáta. Í henni sitja 6 menn, tveir tilnefndir af BÍS, tveir af SSR og tveir af St. Georgsgildunum á Íslandi. Minjanefnd starfar samkvæmt sérstöku erindisbréfi og skiptir sjálf með sér verkum.

Greinargerð

Á aðalfundi 2014 var samþykkt lagabreyting á kosningu í Minjanefnd og skulu fulltrúar hennar vera kosnir til tveggja ára og er kosið um eitt embætti í senn samkvæmt neðangreindri grein 2.6 lið I. Því er réttast að taka út ákvæði um að SSR skipi menn í embætti fyrir 1.maí

2.6 I. Kosning eins fulltrúa af tveimur í eftirtalin ráð og nefndir: Minjanefnd, Úlfljótsvatnsráð og Hafravatnsráð. Kosningin er til tveggja ára.

Tillaga 2 til breytinga á lögum SSR:

Flutningsmaður: Jón Andri
Lögð fram á aðalfundi 26.mars 2015

Grein 2.6

F. Kosning stjórnar, sbr. ákvæði 2.7., og tveggja varamanna. Kosið skal í hvert embætti fyrir sig.

Grein 2.7

Stjórn SSR skal skipuð fimm mönnum: Formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og meðstjórnanda. Kjörtímabilið er tvö ár. Formaður og varaformaður skulu ekki kjörnir á sama ári. Láti einhver stjórnarmanna af störfum eða ef um langvarandi fjarveru stjórnarmanns er að ræða á milli aðalfunda skal varamaður taka sæti hans í stjórn fram að næsta aðalfundi. Leitast skal við að hafa sem jafnasta kynjaskiptingu í stjórn.

Hér með er lagt til að greinin ásamt nýrri grein hljóði svo:

2.6 F. Kosning stjórnar, sbr. ákvæði 2.7., Kosið skal í hvert embætti fyrir sig.

2.7 Stjórn SSR skal skipuð fimm mönnum: Formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og meðstjórnanda. Kjörtímabilið er tvö ár. Formaður og varaformaður skulu ekki kjörnir á sama ári. Leitast skal við að hafa sem jafnasta kynjaskiptingu í stjórn.

2.8 Láti einhver stjórnarmanna, fulltrúi í ráði eða nefnd af störfum eða ef um langvarandi fjarveru stjórnarmanns er að ræða á milli aðalfunda skal félagsforingjafundur í samráði við Uppstillingarnefnd manna stöðuna fram að næsta aðalfundi.

Greinargerð.

Á aðalfundi 2014 var bætt inn ákvæði um tvo varamenn í stjórn SSR og það hefði þurft að koma fram í hvaða röð þessir tveir varamenn koma inn í stjórn og eins hefði þurft að vera ákvæði í lögum ef einhver úr ráðum og nefndum SSR láti af störfum. Auðveldasta leiðin til þess að ná yfir öll þessu mál er ef einhvern lætur af störfum í stjórn, ráði eða nefnd SSR skal næsti félagsforingjafundur SSR skipa mann í embættið fram að næsta aðalfundi. Ef félagsforingafundur finnur engan til þess að sinn embættinu skulu félagsforingjar skipta með sér stöðinni til næsta aðalfundar. Félagsforingja fundur gæti skipað á fyrsta félagsforingjafundi eftir aðalfund í stöður varamanna.